

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 54/2021**

**frá 5. febrúar 2021**

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (endurútgöfin) .
- 2) Tilskipun (ESB) 2016/2341 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB <sup>(1)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Viðauka IX. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB):

„– **32016 L 2341**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 (Stjtíð. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37).“

2. Eftirfarandi kemur í stað aðlögunartexta liðar q) í 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB):

„q) Í 15. mgr. 308. gr. b, að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2011 frá 1. júlí 2011“ í stað orðanna „þessarar tilskipunar“.“

3. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 31d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB):

„31d. **32016 L 2341**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10.

um starfstengdan lífeyri (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í c-lið 1. mgr. 56. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, er orðunum „og upplýsingar sem sendar eru frá eða varða EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010“.
- b) Í annarri málsgrein 4. mgr. 60. gr. er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar EFTA-ríkin,“ bætt við á eftir „Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (EB) 2016/2341, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.